

# Skagafjarðarveitur ehf

## Fundur 33 ? 05.05. 2004

Miðvikudaginn 5. maí, árið 2004, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 17.00 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki. Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Ingimar Ingimarsson varamaður Einars Gíslasonar, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð.

### DAGSKRÁ:

1. Ársreikningur Skagafjarðarveitna ehf 2003
2. Ný vatnsveitulög.
3. Hitaveitumál í Akrahreppi.
4. Borun við Kýrholt.
5. Staða kaldavatnsmála á Sauðárkróki.
6. Önnur mál.
  1. Umsókn um lán hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
  2. Beiðni um stuðning.
  3. Móttaka gesta.
  4. Móttaka erlenda gesta á Lionsþingi.
  5. Bréf dags 10.03.04 frá Björgunarsveitinni Skagfirðingasveit snjóbílanefnd.

### AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Kristján Jónasson endurskoðandi fór yfir og skýrði ársreikning Skagafjarðarveitna ehf. fyrir árið 2003.
2. Lögð fram ný vatnsveitulög, Kristján Jónasson endurskoðandi kynnti lögin, hvað fælist í þeim og hvaða áhrif þau hefðu á rekstarfyrirkomulag Skagafjarðarveitna. Stjórn Skagafjarðarveitna óskar eftir fundi með Byggðaráði um málið. Vék nú Kristján Jónasson af fundi.
3. Páll Pálsson veitustjóri kynnti stöðu mála.
4. Páll Pálsson veitustjóri sagði frá viðræðum við Friðfinn K Daníelsson, gerði Friðfinnur ráð fyrir að borun hefjist upp úr miðjum maí.
5. Páll Pálsson veitustjóri gerði grein fyrir notkun á köldu vatni eftir að Rækjuvinnslan Dögun hóf vinnslu eftir endurbætur og stækkun. Framkvæmdir við lagningu lagnar frá Sauðárveitu að vatnstanki á Gránumóum gengur skv. áætlun.
6. Önnur mál.
  1. Gerð gein fyrir lánsúmsókn hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

2. Beiðni frá Verknámsdeild Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra um stuðning til að koma á fót kennsluaðstöðu fyrir eldsmiðju við skólann. Páli Pálssyni veitustjóra falið að vinna frekar að málinu.

3. Rætt um móttöku gesta í Dælustöð í Borgarmýrum. Veitustjóra falið að vinna frekar að málinu.

4. Samþykkt að taka á móti erlendum gestum og aðalstjórn Lions á Hvítasunnudag sem verða á Fjöllumdæmisþingi Lions á Sauðárkróki 28-29. maí nk.

3. Björgunarsveitin Skagfirðingasveit óskar eftir stuðningi til kaupa á nýjum snjóbíl, en framkemur í bréfi þeirra að snjóbíll sveitarinnar er orðin 29 ára gamall. Stjórn Skagafjarðaveita tekur jákvætt í erindið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.40